



## Álagningarforsendur fasteignagjalda, útsvarsprósenta og gjaldskrár vegna vatnsveitu og seyrulosunar 2023

Útsvarsprósenta fyrir Flóahreppur fyrir árið 2023 verður 14,52 %

### A-flokkur 0,47% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og frístundahús ásamt lóðarréttindum.

### B-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

### C-flokkur 1,60 % af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

### Vatnsgjald Vatnsveitu Flóahrepps:

Vatnsgjald frá Vatnsveitu Flóahrepps verður eftirfarandi:

	Fast gjald	Lágmark	Hámark
A flokkur fyrir utan frístundahús 0,2% af fasteignamati	-	23.504 kr.	46.297 kr.
Frístundahús	39.173 kr.	-	-
Vatnstæki í beitarhólfum og óbyggðar lóðir tengdar vatni	23.504 kr.	-	-
C flokkur og útihús 0,2% af fasteignamati án hámarks	-	-	-

### Seyrulosun:

Árlegt gjald fyrir seyrulosun þriðja hvert ár að jafnaði:	13.513 kr. á ári
Aukalosun í tengslum við aðra hreinsun (íbúðar- og frístundahús):	40.540 kr.+550 kr/km
Aukalosun sem sérferð (íbúðar- og frístundahús):	96.850 kr.+550 kr/km
Aukalosun í tengslum við aðra hreinsun rotþró undir 6m <sup>3</sup> (aðrir):	41.327 kr.+550 kr/km + 38 kr/kg + vsk
Aukalosun sem sérferð aðrir aðilar rotþró yfir 6m <sup>3</sup> (aðrir):	5630 kr. á m <sup>3</sup> +550 kr/km + 38 kr/kg + vsk

Aukalosanir fara fram í gegnum þjónustufulltrúa seyruverkefni og sér Hrunamannahreppur um innheimtu aukalosana. Aukalosanir sem ekki eru pantaðar í gegnum eða í samráði við þjónustu-fulltrúa Seyruverkefnisins eru ávallt greiddar af þeim sem pantar þjónustuna.

### Gjalddagareglur fasteignagjalda fyrir árið 2023:

Öll gjöld vegna sorphirðu, vatnsgjald, seyrulosun og lóðaleiga hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr. eða lægri eru með einn gjalddaga: 1. mars.

Greiðslur sem eru 20.001 kr. til 60.000 kr. greiðast á þremur gjalddögum: 1. mars, 1. maí og 1. júlí.

Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á tíu gjalddögum: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. sept., 1. okt. og 1. nóv.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Flóahreppur sendir ekki út greiðsluseðla né álagningarseðla í bréfaþósti. Greiðsluseðlarnir birtast í heimabanka greiðanda undir rafrænum skjölum og álagningarseðlarnir eru aðgengilegir inn á upplýsinga- og þjónustuveitunni [www.island.is](http://www.island.is). Hægt er að óska eftir álagningarseðli og greiðsluseðli í bréfaþósti með því að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-4370 eða með tölvupósti á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is).

Sampykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 15. desember 2022.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
FLÓAHREPPS